

9. - 10.
bekkur

Fjöldi
10-20

45
mín.

Áreiti á netinu

Þetta er verkefni þar sem þátttakendur ræða um kynbundið áreiti á netinu.

Þema	Kynbundið áreiti, særandi ummæli og miðlalæsi.
Aldur	9. - 10. bekkur.
Stærð hóps	10 – 20 einstaklingar.
Tími	45 mínútur.
Markmið	<ul style="list-style-type: none">• Að skoða kynbundið áreiti á netinu.• Reyna að átta sig á hvernig hægt er að bregðast við því.• Vekja þátttakendur til umhugsunar á mikilvægi þess að svara.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none">• Raða húsgögnum í stofunni svo hver hópur hafi svæði til að vinna.• Vera með spjöld, liti og önnur gögn til að útbúa veggspjald.

Kennsluleiðbeiningar

1. Byrjaðu á að dreifa fylgigögnum til nemenda.
2. Spurðu nemendur út í þessar myndir:
 - Er algengt að sjá svona athugasemdir?
 - Haldið þið að svona áreiti beinist aðeins að konum?
 - Er algengara fyrir konur að fá svona athugasemdir heldur en karla?
 - Hafið þið orðið vör við svona athugasemdir?
3. Kennari skiptir hópnum í fjóra hópa og biður þá um að fara á sitt svæði.
4. Kennari dreifir veggspjöldum, litum og öðrum gögnum til hópa.
5. Kennari útskýrir að nú eigi nemendur að búa til myndasögu sem sýnir hvernig fyrirmyndarnetborgari hegðar sér. Hér fær ímyndunaraflið að leika lausum hala.



Samantekt

Notaðu eftirfarandi spurningar til að gera samantekt á verkefninu.

- Hvernig fannst ykkur verkefnið? Hvað fannst ykkur erfiðast og af hverju?
- Haldið þið að allar myndirnar hafi verið dæmi um áreiti?
- Hefurðu lent í áreiti eða orðið vitni af því?
- Hvernig getur þú brugðist við áreiti?

Ábendingar fyrir leiðbeinendur

- Ef hópurinn er stór er gott að notast við einhvern hlut sem gefur þátttakendum leyfi til að koma með sína skoðun. Hlutturinn gengur svo á milli og einungis þeir sem halda á hlutnum fá að tala hverju sinni.
- Hægt er að vinna þetta verkefni í tölvu, þau forrit sem henta vel í verkefnið eru t.d Comic Life og Pixton.
- Vertu vakandi fyrir því að einstaklingar gætu hafa orðið fyrir áreiti og gerandi gæti jafnvel verið í hópnum. Gæta þarf þess að ýta ekki of mikið á þátttakendur ef þeir vilja ekki svara.
- Ef það eru einstaklingar í hópnum sem hafa orðið fyrir áreiti getur farið svo að verkefnið fái þá til að átta sig á að þeir þurfi stuðning. Í upphafi verkefnis er gott að nefna það að þú getir veitt slíkan stuðning eða komið málinu í réttan farveg.

Fylgigögn





- ORDUM FYLGIR ÁBYRGÐ

